

Ályktanir velferðarnefndar SASS á Ársþingi sem haldið er 20. og 21. október 2016

Í nefndinni sátu:

Hildur Sólveig Sigurðardóttir formaður
Elín Grétarsdóttir
Arna Ír Gunnarsdóttir
Bjarney Vignisdóttir
Kristjana Gestsdóttir
Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir
Benedikt Benediktsson
Ingvi Karl Jónsson

Vestmannaeyjum
Ásahrepp
Sveitarfélagið Árborg
Hrunamannahreppur
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Sass – Nýheimar
Rangárþing Eystra
Rangárþing Ytra

Hjúkrunarrými / stuðningur við aldraða til að búa lengur heima

Ársþing SASS haldið á Hnappavöllum í Örfum dagana 20. og 21. október 2016 leggur áherslu á að áfram verði unnið samkvæmt skýrslu um stöðugreiningu hjúkrunarheimila á Suðurlandi sem SASS lét gera á vormánuðum 2015.

Helstu niðurstöður skýrslunnar voru eftirfarandi:

- fjölga þarf hjúkrunar- og hvíldarrýmum
- fjölga úrræðum fyrir einstaklinga með heilabilun
- útrýma tvíbýlum
- tryggja nægjanlegt einkarými svo hægt sé að veita nauðsynlega persónulega þjónustu
- hækka daggjöld svo rekstur heimila standi undir sér.

Biðlistar hafa lengst en í dag eru 42 einstaklingar að bíða eftir hjúkrunarrýmum og 59 einstaklingar að bíða eftir hvíldarrýmum á svæðinu, en það er 19% aukning frá því á sama tíma fyrir ári.

Mikilvægt er að farið verði strax í nýbyggingu hjúkrunarheimilis á Höfn en þar eru nær eingöngu tveggja manna herbergi sem uppfylla ekki viðmiðunarreglur velferðarráðuneytis um stærð og aðbúnað fyrir íbúa.

Nauðsynlegt er að styrkja heimahjúkrun á svæðinu til muna svo að í boði verði kvöld- og helgarþjónusta. Það ásamt því að fjölga hvíldarrýmum og gefa leyfi fyrir endurhæfingarhvíldarrýmum gæti dregið úr þörf fyrir hjúkrunarrými auk þess að koma til móts við óskir fólks um að búa heima eins lengi og unnt er.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Ársþing SASS haldið á Hnappavöllum í Örfum dagana 20. og 21. október 2016 hvetur ríkisvaldið til að tryggja fjárhagslegan rekstrargrundvöll Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og leiðréttu skuldavandann sem skapaðist við sameiningu heilbrigðisstofnana á svæðinu.

Mikilvægt er að standa vörð um öfluga heilsugæslu.

Vaxandi ferðamannastraumur hefur leitt af sér gífurlega aukningu í sjúkraflutningum ásamt því að valda verulega auknu álagi á fagfólk heilbrigðisstofnana. Hvort tveggja veldur miklum kostnaðarauka sem veldur auknum halla á rekstri stofnunarinnar.

Brýnt er að styrkja sjúkraflug þannig að viðbragðstími sé innan ásættanlegra viðmiðunarmarka og í því skyni hvetur ársþing SASS heilbrigðisyfirvöld m.a. til að vinna áfram hugmyndir um sérhæfðar sjúkraþýrlur.

Árspangið telur nauðsynlegt að tryggja fæðingarþjónustu í nærumhverfi þjónustuþega. Þar sem aðgengi að fæðingarþjónustu innan nærumhverfisins er ekki viðkomið er brýnt að aukakostnaður vegna slíks verði ekki lagður á fæðandi konur og fjölskyldur þeirra.

Árspaning hvetur heilbrigðisyfirvöld að setja aukinn kraft í þróun fjarlækninga til að koma til móts við þjónustuþörf í dreifðari byggðum.

Árspaning tekur undir sjónarmið Hornarfjarðar og bendir á skýran vilja bæjarstjórnar Hornarfjarðar og framkvæmdaráðs HSU Hornafirði til að endurnýja þjónustusamning við sveitarfélagið áður en núverandi samningur rennur út í lok árs 2016. Mikill árangur hefur náðst á þeim 20 árum sem sveitarfélagið hefur séð um rekstur heilbrigðisstofnunarinnar í samþættingu þjónustunnar.